

*Hann er hinn aldyrlegasti.*

Ó þú virta grein á Hinum blessaða og heilaga lótusviði! Þegar Hin aldna fegurð, Hið mesta nafn – megi lífi mínu verða fórnað ástvinum Hans – heimsótti Haifa bar Hann oftsinnis lof á ákveðinn stað á Karmelfjalli og hafði orð á hversu aðlaðandi og viðkunnanlegur hann væri og útsýnið ljómandi fagurt. Hann gaf fyrirmæli þess efnis að þennan stað skyldi kaupa með öllum tiltækum ráðum. Honum lék mjög hugur á að eignast þann stað.

Fyrir fjórum árum var þetta land keypt með ærinni fyrirhöfn og eftir lítills háttar undirbúning var allt til reiðu. Sérstökum leiðbeiningum var síðan komið á framfæri við Rangoon, fjölmörg bréf skrifuð og leiðbeiningar sendar um kistu sem gera skyldi úr marmara frá því svæði. Heil marmarablokk var höggvin til með miklum erfiðleikum og kistan flutt hingað eftir ýmsum leiðum. Þú hefur áreiðanlega heyrt um það sem gerðist á leiðinni þegar hún var flutt inn í ákveðnar borgir. Í stuttu máli kom hún hingað fyrir skömmu síðan, ásamt kistli úr afar vönduðum indverskum viði.

Fyrir ári sendum við Áqá Mírzá Asadu'lláh héðan í sérstaka sendiför. Af þeim sökum var það hann og nokkrir vinir sem fluttu með mikilli lotningu, lítillæti, auðmýkt og virðingu þetta helga musteri og volduga hásæti, heilagar jarðneskar leifar Bábsins – megi lífi mínu verða fórnað dufti Hans – frá Persíu til landsins helga.

Við vinnum nú að því að reisa þessa helgu byggingu á Karmelfjalli. Ef Guð leyfir munum við einnig kveðja þig til liðs við okkur að bera steina og múrsteypu sem fara í þennan helgaða og blessaða helgidóm, svo að þú megir verða takmarkalausrar náðar Hans og þessa mesta heiðurs aðnjótandi. Þetta eru gleðitíðindi sem hvorki fullveldi né yfirráð himins og jarðar komast í samjöfnuð við. Í sannleika sagt er hjarta mitt fullt af ólýsanlegri gleði og fögnuði. Því að þetta heilaga Musteri hafði þolað mikla smán af hendi misgerðamannanna, en nú, lof sé Guði, hefur allra úrræða og fanga verið aflað fyrir óbrigðula náð og miskunn Hinnar öldnu fegurðar, og öllu skipað niður með svo fullkomnum hætti að allir munu falla í stafi. Dýrð Guðs hvíli yfir þér og yfir Afnán Hins helga trés í því landi.